

ar eru í liðum 4.-6. í 2. mgr., sé sleppt, svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

Þegar flokkur hlutabréfa er skráður á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum, veitt undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá því að birta útboðslýsingum. Skilyrði þess eru að áætlað markaðsverð, nafnverð eða, sé nafnverð ekki tilgreint, bókfært verð hinna útboðnu bréfa nemi minna en 10% af sambærilegu verðgildi hlutabréfa í sama flokki sem þegar eru hafin viðskipti með og að fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

20. júní 2001

Nr. 478

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá B-hluta Orkuveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001 breytist þannig:

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

Öll gjöld rafveitu hækka um 7%.

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

Notkun á heitu vatni.

Almenn notkun:

vatnsgjald hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson

Katrín Jóhannsdóttir.

20. júní 2001

Nr. 479

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001 deiliskipulag fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.